



## Fundargerð aðalfundar VR 2024

**Aðalfundur VR haldinn fimmtudaginn 21. mars 2024, kl. 19:30 á Fosshótel Reykjavík og í fjarfundi.**

Formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, setti fund og bauð fundargesti velkomna.

### 1. Kosinn fundarstjóri

Ragnar Þór lagði til að Halla Gunnarsdóttir, sem sæti á í stjórn VR, yrði fundarstjóri. Engar aðrar tillögur bárust og tók Halla við fundarstjórn.

### 2. Kosinn ritari

Fundarstjóri lagði til að Steinunn Böðvarsdóttir, sviðsstjóri þróunarsviðs VR, yrði ritari. Engar aðrar tillögur bárust og hóf Steinunn að rita fundargerð.

Fundarstjóri fór því næst yfir tilhögun fundarins en hann var bæði í staðfundi og fjarfundi og túlkaður á ensku í fjarfundi. Kynningar voru á íslensku en allar tillögur sem lagðar voru fram á fundinum sem og tillögur að breytingum á lögum voru birtar á ensku á enskri vefsíðu fundarins á vr.is. Spurningar í rafrænum kosningum voru bæði á íslensku og ensku.

Fundarstjóri fór því næst yfir lögmæti fundarins. Fundurinn var auglýstur í Morgunblaðinu 8. mars og á vef VR og samfélagsmiðlum sama dag. Reikningar, endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðendum, og tillögur stjórnar að breytingum á lögum félagsins lágu frammi á skrifstofum félagsins og á vefnum viku fyrir auglýstan aðalfund.

Fundarstjóri lýsti því yfir að til fundarins hafi verið boðað með lögmætum hætti sbr. 23 gr. laga VR.

Því næst óskaði fundarstjóri eftir leyfi fundarins til að gera breytingu á áður auglýstri dagskrá og taka inn liðinn „**Afhending gullmerkis VR 2024**“. Engar athugasemdir voru gerðar og bauð fundarstjóri formanni að koma í pontu og afhenda gullmerki VR.



A handwritten signature in blue ink, appearing to be 'R', located below the VR logo.

A handwritten signature in blue ink, appearing to be 'H', located to the right of the VR logo.

### 3. Afhending gullmerkis VR 2024

Viðtakendur gullmerkis VR árið 2024 eru Gunnar Böðvarsson sem sat í stjórn eða varastjórn í 14 ár og trúnaðarráði í 23 ár, Valva Árnadóttir sem sat í trúnaðarráði samfelld í 19 ár og var trúnaðarmaður á sínum vinnustað á sama tímabili og Hansína Gísladóttir sem starfaði á skrifstofu VR í um 20 ár auk þess sem hún sat í trúnaðarráði félagsins til nokkurra ára.

Formaður afhenti gullmerkishöfum gullmerkið og blómvönd. Fundargestir fögnuðu gullmerkishöfum með standandi lófataki.

### 4. Skýrsla stjórnar um störf félagsins undanfarið starfsár

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, flutti skýrslu stjórnar félagsins um starfsárið 2023 – 2024. Meginþunginn í máli formannsins var umfjöllun um nýgerða kjarasamninga félagsins við Samtök atvinnulífsins og Félag atvinnurekenda en atkvæðagreiðslu um þá lauk sama dag og aðalfundurinn var haldinn og voru kjarasamningarnir samþykktir með miklu meirihluta atkvæða.

Ragnar Þór fór yfir aðdraganda samninganna sem gerðir voru í skugga verðbólgu og ítrekaðra vaxtahækkana. Frá upphafi undirbúnings hafi markmiðið verið að styðja við kaupmátt launa og veita fyrirsjáanleika á óvissutímum. Undirbúningur hófst strax í kjölfar undirritunar skammtímasamninga 2022 og var fundað reglulega á árinu 2023. Í lok þess árs færðist þungi í viðræður þegar VR og nokkur félög innan ASÍ mynduðu breiðfylkingu sem gekk, fyrst um sinn, sameinuð til viðræðna við SA. Mikil og vönduð vinna fór fram á vettvangi breiðfylkingarinnar þar sem ákveðin samstaða náðist um grundvallarnálgun í viðræðunum.

Í janúar 2024 var kjaradeilunni hins vegar vísað til ríkissáttasemjara og í lok febrúar tók VR þá ákvörðun að draga sig út úr samstarfi breiðfylkingarinnar. VR og SA undirrituðu samninga um miðjan mars í skugga hótana SA um verkband á allt skrifstofufólk í VR. Sú hótun var ofsafengin viðbrögð við sjálfsagðri kröfu félagsfólks VR á Keflavíkurlugvelli um að ná fram löngu tímabærum breytingum á vinnufyrirkomulagi sínu og kjörum, sagði Ragnar. Samtök atvinnulífsins hafi tvívegis boðað til verkbands á einu ári en VR hafi tvisvar farið í verkfall á síðustu 30 árum.

Ragnar þakkaði samninganefnd, stjórn, trúnaðarráði og starfsfólki félagsins fyrir að hafa landað samningum undir þessum kringumstæðum. Stjórn félagsins hafi trú á þeim kjarabótum sem í samningunum felist þó það sé alltaf ósk þeirra sem starfa á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar að ná fram meiru fyrir sitt félagsfólk.

Hvað varðar starfsemi félagsins á starfsárinu sagði Ragnar félagafjöldi í fyrsta sinn hafa farið yfir 40 þúsund að meðaltali á árinu. Aukin áhersla var lögð á að efla þjónustu við félagsfólk og má m.a. nefna nýtt vefspjall og launareiknivél á vef félagsins sem mælst hafa vel fyrir. Kjaramálasvið félagsins veitti um 16% fleiri félögum þjónustu á skrifstofu félagsins eða alls rétt tæplega tvö þúsund. Aukning hefur verið í umsóknum til Sjúkrasjóðs VR og í aðra sjóði félagsins.

Ragnar fjallaði um nýgerðan samning við Samtök verslunar og þjónustu um verkefni sem miðar að aukinni sí- og endurmenntun félagsfólks en það verkefni stendur til ársins 2030. Þá náði fræðsla á vegum VR í formi námskeiða og fyrirlestra sem og sérstakri fræðslu til grunn- og framhaldsskólanema til þúsunda á starfsárinu.

Að lokum vék Ragnar að stöðu húsnæðismála en þau voru, eins og fyrri ár, fyrirferðarmikil á nýliðnu starfsári. Uppbygging Blævar íbúðafélags hélt áfram og var fyrsta skóflustungan tekin að tveimur fjölbýlishúsum VR í Úlfarsárdal í ágúst. Í húsunum verða 36 íbúðir sem leigðar verða til félaga VR en fyrirhugað er að fyrstu íbúðirnar verði afhentar í lok árs 2024.

Ragnar þakkaði stjórn VR, starfsfólki og félagsfólki öllu fyrir ánægjulegt samstarf á árinu og kvaðst hlakka til að takast á við verkefnin framundan.

Eftir ávarp formanns óskaði fundarstjóri eftir heimild fundarins fyrir því að umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga félagsins yrðu teknar saman. Engar athugasemdir bárust og bauð fundarstjóri framkvæmdastjóra VR, Stefáni Sveinbjörnssyni, að gera grein fyrir ársreikningi félagsins 2023.

## 5. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Stefán fór yfir ársreikning félagsins og helstu lykiltölur fyrir árið 2023 og studdist við glærur í þeirri yfirferð. Í máli Stefáns kom fram að félagsfólki hafi fjölgað um 4,4% milli ára sem er aðeins minna en árið á undan. Atvinnuleysi meðal félagsfólks hefur dregist mikið saman eftir mikið atvinnuleysi á tímum Covid, að meðaltali hafi um 758 félagar verið atvinnulausir ár árinu 2023.

Stefán sagði fjölgun á afgreiðslum á skrifstofu tæplega 10% milli ára. Símtölum fækkaði hins vegar en innskráningum á Mínar síður fjölgaði umtalsvert. Þó aukning hafi verið í komum félagsfólks á skrifstofur félagsins fækkaði málum á kjaramálasviði um 6,4% eftir fjölgun árið áður.

Hvað varðar sjóði félagsins benti Stefán á að orlofshúsum í eigu félagsins hafi fjölgað á árinu 2023 og eru nú rúmlega 80 talsins. Gistinóttum fjölgaði og nýting orlofshúsa er um 69% á ársgrundvelli. Inni í þeirri tölu er hins vegar ekki nýting húsa sem félagið lánaði Grindvíkingum í kjölfar náttúruhamfaranna á síðasta ári, sagði Stefán, en stéttarfélag lögðu til tugi húsa fyrir íbúa Grindavíkur sem yfirgefa þurftu heimili sín.

Fjöldi mála hjá Virk starfsendurhæfingarsjóði var sambærilegur og árið á undan og sama má segja um fjölda styrkumsókna í starfsmenntasjóði. Greiðslur úr VR varasjóði voru 40 m.kr. hærra á árinu 2023 en árið á undan. Um helmingur útgreiðslna úr sjóðnum fer til forvarna, einkum líkamsræktar.

Heildarafkoma VR árið 2023 var jákvæð um 928 m.kr., rekstrarniðurstaða síðustu sjö ára hefur verið 5 ma.kr. Tekjur félagsins á árinu 2023 voru alls 6.084 m.kr. eða 14,9% hærra en árið á undan og gjöld voru 5.745 m.kr. sem er 20,1% hærra en árið á undan.

Hækkun rekstrargjalda má að stærstum hluta rekja til hækkunar í dagpeningum og styrkjum Sjúkrasjóðs VR en þar nam hækkunin 19,6% á sama tíma og iðgjaldatekjur jukust um 15%. Hlutfall sjúkradagpeninga af iðgjöldum var 79% eða 3,4% hærra en árið á undan.

Raunávöxtun verðbréfasafna VR batnaði um 9,8% milli ára en er áfram neikvæð. Fimm ára meðalnafnávöxtun er jákvæð um 5,94% og fimm ára meðalraunávöxtun er 0,78%. Stærsti eignaflokkur félagsins er íbúðabréf. Eignir félagsins í árslok námu alls 17,2 ma.kr. en voru 12,4 ma.kr. í lok árs 2017.

Í lokin kynnti Stefán tillögur stjórnar um greiðslu í VR varasjóð og skiptingu hans milli félagssjóðs, Sjúkrasjóðs og Orlofssjóðs, tillagan er birt að neðan en kosið er um hana sérstaklega.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður eftir að Stefán hafði lokið máli sínu.

Benedikt Ragnarsson kvað vilja nota tækifærið á fundinum og þakka stjórn og samninganefnd fyrir að standa í lappirnar við gerð kjarasamninga, ekki síst gagnvart seðlabankastjóra. Hann þakkaði formanni fyrir góða umræðu í Kastljósþætti RÚV kvöldið fyrir aðalfund og minnti á að markmið með samningunum væri að lækka vexti.

Jóhann Már Sigurbjörnsson spurði um félagssjóð en í kynningu framkvæmdastjóra hafi verið umræða um þann sjóð í tengslum við VR varasjóð. Stefán sagði félagssjóð elsta sjóð félagsins en í hann rennur félagsgjald og er hann nýttur til að reka félagið.

Björgvin Björgvinsson sagðist hugsi yfir aukningu í rekstrarkostnaði félagsins, fara þurfi vel með peninga félagsfólks, ekki sé um ótakmarkaða auðlind að ræða. Hann spurði um kostnað pr. féлага. Stefán svaraði að rekstrartekjur pr. féлага væri um 148.696 kr. en gjöld um 141.458 sem er aukning um 15%. Meginástæðan sé aukning í dagpeningum Sjúkrasjóðs.

Að umræðum loknum voru reikningar félagsins lagðir fyrir í atkvæðagreiðslu með handauppréttingu og lýsti fundarstjóri því yfir að þeir væru samþykktir.

Þá kynnti fundarstjóri tillögu stjórnar um framlag í VR varasjóð sem er svohljóðandi:

*„Aðalfundur VR, haldinn á Fosshótel Reykjavík fimmtudaginn 21. mars 2024, samþykkir að framlag í VR varasjóð verði samtals 1.050 m.kr. fyrir árið 2023.*

*Úr Félagssjóði VR koma 250 m.kr., Sjúkrasjóði 500 m.kr. og Orlofssjóði 300 m.kr.*

*Til viðbótar koma aukakaup vegna iðgjalda félagsmanna sem eru í vanskilum þegar greitt verður inn í VR varasjóð eftir aðalfund VR 2024.“*

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um framlag í VR varasjóð en enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var lögð fyrir fundinn með handauppréttingu og samþykkt.

## 6. Lagabreytingar

Fundarstjóri sagði stjórn VR leggja til 15 breytingar á lögum sem varða auglýsingar og tilkynningar um fundarboðun og atkvæðagreiðslu, um setu Ungliðaráðs í trúnaðarráði, hve stóran hluta stjórnar þurfi til að skuldbinda félagið, félagsaðild, hæfi stjórnarfólks og lengingu á kjörtímabili formanns, stjórnar og trúnaðarráðs.

Einnig eru lagðar til breytingar á orðanotkun sem miða að því að gera lög félagsins kynhlutlausari. Lagt er til að gera breytingar í tveimur skrefum, í ár verði gerðar breytingar sem snerta félagsfólk á vinnumarkaði, ekki stjórn félagsins eða trúnaðarmenn. Að lokum er lögð til samræming á orðanotkun í lögnum. Ekki sé um að ræða efnislegar breytingar hvað þetta tvennt varðar.

Fundarstjóri bauð Kristjönu Þorbjörgu Jónsdóttur, formann laganefndar VR, að koma í pontu og gera grein fyrir tillögum stjórnar.

Kristjana fór yfir fyrstu fjórar tillögurnar sem kveða á um breytingar á framkvæmd auglýsinga félagsins á fundum og atkvæðagreiðslum. Nú segir í lögnum að boða skuli fundi og atkvæðagreiðslur með auglýsingu í dagblöðum og/eða útvarpi. Kristjana benti á að í dag sé einungis eitt dagblað gefið út sem sé áskriftarblað og því ekki almennur vettvangur fyrir auglýsingar félagsins. Stjórn leggi til að áhersla verði lögð á vef félagsins og samfélagsmiðla auk fréttamiðla þegar auglýstir eru fundir eða atkvæðagreiðslur.

Í tillögnum hér að neðan eru breytingar eða viðbætur merktar með rauðu.

### Tillögur nr. 1 til nr. 4 eru svohljóðandi:

#### **Gr. 20.2. Um kosningu í trúnaðarráð, 2. mgr.**

Núverandi hljóðan:

„Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.“

Verður:

„Auglýsa skal í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt, eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.“

#### **Gr. 20.3. Um framkvæmd kosninga, 3. mgr.**

Núverandi hljóðan:

„Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins.“

Verður:

„Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt.“

**Gr. 23. Aðalfundur, 1. mgr.**

Núverandi hljóðan:

„Skal hann boðaður með auglýsingu í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með 10 daga fyrirvara.“

Verður:

„Skal hann boðaður með auglýsingu í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt, með 10 daga fyrirvara.“

**Gr. 25. Félagsfundir, 1. mgr.**

Núverandi hljóðan:

„Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingum í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með minnst tveggja daga fyrirvara.“

Verður:

„Fundur telst lögmætur sé hann boðaður með auglýsingu í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt, með minnst tveggja daga fyrirvara.“

Tillaga númer 5 er til komin vegna stofnunar Ungliðaráðs VR haustið 2023, sagði Kristjana. Í reglum ráðsins segir að fulltrúar í ráðinu fái sjálfkrafa rétt til setu í trúnaðarráði. Til að ná þessu fram þarf að breyta 2. mgr. 14. gr. laga VR þar sem kemur fram að kjörnir fulltrúar í Ungliðaráði VR verði hluti af trúnaðarráði VR.

**Tillaga nr. 5 er svohljóðandi:**

**Gr. 14. Trúnaðarráð, 2 mgr.**

Núverandi hljóðan:

„Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar og varastjórnar, stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til tveggja ára í senn. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar a.m.k. 4 sinnum á ári og eftir því sem þurfa þykir.“

Verður:

„Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, varastjórnar, stjórnar Ungliðaráðs VR, stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til tveggja ára í senn. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar a.m.k. 4 sinnum á ári og eftir því sem þurfa þykir.“

Í tillögu númer 6 er lagt til að bætt verði við ákvæði laganna um stjórn að meirihluta stjórnar þurfi til að skuldbinda félagið en stjórn VR hefur ávallt fylgt þeirri reglu að meirihluta stjórnar þurfi til að skuldbinda félagið. Fram hafa komið athugasemdir þegar verið er að þinglýsa skjölum, að ef vantar eitt nafn á umboð verði allir stjórnarmenn að skrifa undir. Lagt er til að inn í löginn komi setningin „Meirihluta stjórnar þarf til að skuldbinda félagið.“ Ekki eru um að ræða breytingu á framkvæmd.

**Tillaga nr. 6 er svohljóðandi:**

### **Gr. 10. Stjórn**

*Núverandi hljóðan:*

„Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og 3 til vara. Formaður skal kosinn til tveggja ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir 7 í einu til tveggja ára og ganga árlega 7 úr stjórninni á víxl. Varamenn skuli kosnir til eins árs í senn. Hverfi stjórnarmaður frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum, eða tekur að stunda atvinnu, sem fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага, skal kjósa mann í hans stað við fyrsta stjórnarkjör á eftir. Stjórnin kýs sér varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum.“

*Verður:*

„Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og 3 til vara. Formaður skal kosinn til tveggja ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir 7 í einu til tveggja ára og ganga árlega 7 úr stjórninni á víxl. Varamenn skuli kosnir til eins árs í senn. Hverfi stjórnarmaður frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum, eða tekur að stunda atvinnu, sem fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага, skal kjósa mann í hans stað við fyrsta stjórnarkjör á eftir. Stjórnin kýs sér varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum. **Meirihluta stjórnar þarf til að skuldbinda félagið.**“

Tillaga númer 7 gerir ráð fyrir nýrri málsgrein í 3. gr. laganna um félagsaðild og kveður á um að félagi í VR geti ekki notið kjörgengis byggir hann fullgilda félagsaðild sína á greiðslu iðgjalda vegna setu í stjórnnum eða ráðum á vettvangi félagsins eða fyrir hönd þess.

Tillaga nr. 7 er svohljóðandi:

### **Gr. 3. Félagsaðild**

**Ný mgr.**

„**Fullgildur félagsmaður sem byggir fullgilda aðild sína á greiðslu iðgjalda af þóknun fyrir setu í stjórnnum eða ráðum á vettvangi félagsins eða fyrir þess hönd að hluta eða öllu leyti nýtur ekki kjörgengis. Ákvæði þetta tekur ekki til kjörinna fulltrúa sem jafnframt eru starfsmenn félagsins.**“

Í tillögu númer 8 er skerpt á hæfi stjórnarmanna. Í fyrsta lagi er skerpt á að stjórnarmaður og aðrir kjörnir fulltrúar í stjórnnum og ráðum skuli starfa á starfssviði félagsins. Í öðru lagi er hér lögð til breyting varðandi eignarhlut stjórnarmanns í fyrirtæki. Þá er að lokum lagt til að í þeim tilfellum þegar stjórnarmaður missir kjörgengi sitt, taki varamaður sæti hans til loka kjörtímabilsins en áður sátu varamenn þar til stjórnarmaðurinn fullnægði hæfisskilyrðum að nýju.

**Tillaga nr. 8 er svohljóðandi:**

### **Gr. 11. Hæfi stjórnarmanna**

Núverandi hljóðan:

„Stjórnarmenn skv. 10 gr. og ef við á, stjórnarmenn sjóða skv. 3. mgr. 26. gr. skulu starfa á starfssviði VR, skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í fyrirtæki sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins og mega ekki vera starfandi sem framkvæmdastjórar fyrirtækis, stofnunar eða félags þar sem réttarstaða framkvæmdastjóra rekstrar telst sú sama og sem hann væri sjálfur atvinnurekandi. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn þeirra sæti í þeirra stað þar til hæfisskilyrðum er fullnægt að nýju. Frambjóðendur til stjórnar VR skulu og uppfylla ofangreind skilyrði við lok framboðsfrests sbr. gr. 20.3.

Sé ágreiningur um hæfi skal kjörstjórn úrskurða um það.

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

Missi stjórnarmaður kjörgengi sitt á kjörtímabili skal hann tafarlaust víkja úr stjórn VR. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins.“

### **Gr. 11. Hæfi stjórnarmanna**

Verður:

„Stjórnarmenn skv. 10 gr. og ef við á, stjórnarmenn sjóða skv. 3. mgr. 26. gr. skulu starfa á starfssviði VR. **Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins.** Stjórnarmenn skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í fyrirtæki sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins. **Það sama á við þó eignarhlutur þeirra sé undir 5%, fari maki stjórnarmanns eða börn hans með ráðandi hlut í slíku fyrirtæki.** Stjórnarmenn mega ekki vera starfandi sem framkvæmdastjórar fyrirtækis, stofnunar eða félags þar sem réttarstaða framkvæmdastjóra rekstrar telst sú sama og sem hann væri sjálfur atvinnurekandi. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn sæti í þeirra stað til loka kjörtímabilsins. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins. Frambjóðendur til stjórnar VR skulu og uppfylla ofangreind skilyrði við lok framboðsfrests **sbr. 3. mgr., 20.3. gr., að teknu tilliti til 7. mgr. sömu greinar.**

*Sé ágreiningur um hæfi skal kjörstjórn úrskurða um það.  
Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.“*

Tillögur númer 9 til 15 snúa allar að lengingu kjörtímabils formanns, stjórnar og trúnaðarráðs úr tveimur árum í fjögur. Tillaga um lengingu kjörtímabils hefur áður tvívegis verið lögð fram á aðalfundi. Kristjana sagði reynslu síðustu ára hafa sýnt að örar kosningar eru ekki að skila mikilli þátttöku félagsfólks, kosningaþátttaka árið 2020 var til að mynda aðeins 4%. Mesta kosning um forystu félagsins var á síðasta ári, tæplega 31%.

Viðfangsefni stjórnar og formanns stærsta stéttarfélags landsins eru mörg og flókin og óhætt að segja að kjörnir fulltrúar séu rétt búnir að koma sér inn í málefni þegar kjörtímabili þeirra lýkur og kosningar hefjast að nýju. Fjögurra ára kjörtímabili er víða við lýði, sagði Kristjana, til dæmis í sveitastjórnarkosningum og kosningum til Alþingis.

**Tillögur nr. 9 til 15 eru svohljóðandi:**

**Gr. 20.1. Um kosningu formanns og stjórnar**

Núverandi hljóðan:

„Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár. Árlega skulu 7 stjórnarmenn kosnir til tveggja ára og 3 varamenn til eins árs í einstaklingsbundinni kosningu.“

Verður:

„Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu **fjórða** hvert ár. Árlega skulu 7 stjórnarmenn kosnir til **fjögurra** ára og 3 varamenn til **tveggja** ára í einstaklingsbundinni kosningu.“

**Gr. 10. Stjórn**

Núverandi hljóðan:

„Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og 3 til vara. Formaður skal kosinn til tveggja ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir 7 í einu til tveggja ára og ganga árlega 7 úr stjórninni á víxl. Varamenn skuli kosnir til eins árs í senn.“

Verður:

„Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og 3 til vara. Formaður skal kosinn til **fjögurra** ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir 7 í einu til **fjögurra** ára og **annað hvert ár** ganga 7 úr stjórninni á víxl. Varamenn skuli kosnir til **tveggja** ára í senn.“

## Gr. 20.4. Um kjörseðla og röðun á lista

Núverandi hljóðan:

„Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.“

Verður:

„Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR **til 4 ára og næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til tveggja ára.**“

## Gr. 20.2. Um kosningu í trúnaðarráð

Núverandi hljóðan:

„Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn.“

Verður:

„**Annað hvert ár** skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til **fjögurra** ára í senn.“

## Gr. 14. Trúnaðarráð

Núverandi hljóðan:

„Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til tveggja ára í senn. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar a.m.k. 4 sinnum á ári og eftir því sem þurfa þykir.“

Verður:

„Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til **fjögurra** ára í senn. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar a.m.k. 4 sinnum á ári og eftir því sem þurfa þykir.“

## Gr. 15. Deildir

Núverandi hljóðan:

„Stjórn félagsins er heimilt að starfrækja deildir innan félagsins eftir starfsgreinum/atvinnugreinum þess og landssvæðum. Hlutverk deildar er meðal annars að vinna að sameiginlegum hagsmunum starfsmanna í starfsgreinum/atvinnugreinum og landssvæðum, stuðla að fræðslu þeirra og fjalla um kjaramál fyrir starfsgreinarnar/ atvinnugreinarinnar og landssvæðin. Stjórn deildar er kosin á deildarfundum. Stjórn deildar er skipuð að lágmarki 3 mönnum, sem skipta með sér verkum, varamenn skulu vera jafnmargir. Kjörtímabil stjórnar er 2 ár. Stjórn deildarinnar getur fengið fjármuni, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar félagsins, til ráðstöfunar til fræðslu- og menningarmála innan starfsgreinarinnar. Deild skal setja sér starfsreglur sem stjórn félagsins staðfestir.“

Verður:

„Stjórn félagsins er heimilt að starfrækja deildir innan félagsins eftir starfsgreinum/atvinnugreinum þess og landssvæðum. Hlutverk deildar er meðal annars að vinna að sameiginlegum hagsmunum starfsmanna í starfsgreinum/atvinnugreinum og landssvæðum, stuðla að fræðslu þeirra og fjalla um kjaramál fyrir starfsgreinarnar/ atvinnugreinarinnar og landssvæðin. Stjórn deildar er kosin á deildarfundum. Stjórn deildar er skipuð að lágmarki 3 mönnum, sem skipta með sér verkum, varamenn skulu vera jafnmargir. Kjörtímabil stjórnar er 4 ár. Stjórn deildarinnar getur fengið fjármuni, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar félagsins, til ráðstöfunar til fræðslu- og menningarmála innan starfsgreinarinnar. Deild skal setja sér starfsreglur sem stjórn félagsins staðfestir.“

### Bráðabirgðaákvæði:

„Kosningar árið 2025 skulu vera með hinu nýja sniði í gr. 20.1 og 20.2. Árið 2026 er kosið til sjö sæta í aðalstjórn til eins árs og 41 sæta í trúnaðarráði til eins árs. Árið 2027 er kosið til sjö sæta í aðalstjórn til fjögurra ára og í varastjórn til tveggja ára. Kosinn er 41 fulltrúi í trúnaðarráð til fjögurra ára.“

Kristjana sagði frá því að stjórn legði hér einnig fram tillögur sem miði að því að gera löginn kynhlutlausari, ekki sé um efnislegar breytingar að ræða heldur breytt orðanotkun. Lagt er til að löginn verði færð í átt að kynhlutleysi í tveimur skrefum, í ár verði gerð breyting á tilteknum orðum sem vísa í almennt félagsfólk en ekki verði gerð breyting á orðunum formaður, stjórnarmaður, varastjórnarmaður eða trúnaðarmaður fyrir en síðar.

Kristjana benti á að ef þessar tillögur verði samþykktar feli það í sér að gerðar verði samsvarandi breytingar á reglugerðum sjóða, það er reglugerðum Sjúkrasjóðs, Orlofssjóðs, VR varasjóðs og Vinnudeilusjóðs.

**Tillagan nr. 16 er sem hér segir:**

*Stjórn VR leggur til við aðalfund 2024 að gerðar verði breytingar á orðanotkun í lögnum til að gera þau kynhlutlausari. Ekki er um efnislegar breytingar að ræða.*

*Félagsmaður verði Félagi  
Félagsmenn verði Félagsfólk  
Starfsmaður verði Starfskraftur  
Starfsmenn verði Starfsfólk  
Launamaður verði Starfskraftur  
Launamenn verði Launafólk*

*Þessum breytingum fylgja breytingar á notkun fornafna, sagna o.fl.*

*Þessar breytingar kalla á samsvarandi breytingar á reglugerðum sjóða félagsins.*

Og að lokum kynnti Kristjana tillögur að breytingu á tveimur orðum í lögnum til að samræma orðanotkun.

**Tillaga nr. 17 er sem hér segir:**

*Stjórn VR leggur til við aðalfund 2024 að orðanotkun í lögnum verði samræmd sem segir hér að neðan. Ekki er um efnislegar breytingar að ræða.*

*Orðinu vinnuveitandi verði breytt í atvinnurekandi í gr. 7.*

*Orðinu heimasíða verði breytt í vefsíða í gr. 20.2, gr. 27 og gr. 28.*

Að lokinni kynningu Kristjönu Þorbjargar opnaði fundarstjóri fyrir umræður um allar tillögurnar.

Gísli Jafetsson lagði fram breytingartillögu við tillögu nr. 5, gr. 14 Trúnaðarráð (sjá neðar í fundargerðinni). Hann lagði til að auk Ungliðaráðs myndi formaður Öldungaráðs félagsins eiga sæti í trúnaðarráði. Nokkur umræða varð um Öldungaráð og hlutverk þess á fundinum. Stefán Viðar Egilsson benti á að öryrkjar hafi án árangurs leitað eftir því að fá fulltrúa í trúnaðarráð og spurði ef öryrkjar fái ekki sæti, af hverju eldri félagar fái það. Viktor Elvar Viktorsson benti á að VR væri stéttarfélag vinnandi fólks og spurði hvort í Öldungaráði væri fólk á vinnumarkaði.

Ragnar Þór fjallaði um ráðið og sagði það tala fyrir hagsmunum eldri félaga sem væru að nálgast starfslok eða hætt störfum og væri virkur félagsskapur.

Varðandi tillögu nr. 8 um gr. 11 Hæfi stjórnar sagðist Arnþór Sigurðsson telja þær breytingar sem hér væru lagðar til ganga of langt. Hann lagði fram breytingartillögu (sjá neðar í fundargerðinni) og vildi fella út þann hluta tillögunnar sem fjallar um eignarhluta stjórnarmanna sem er eftirfarandi: *Pað sama á við þó eignarhlutur þeirra sé undir 5%, fari maki stjórnarmanns eða börn hans með ráðandi hlut í slíku fyrirtæki.*

Sólveig Róbertsdóttir og Benedikt Vilhjálmsson fjölluðu einnig um tillögu n. 8, gr. 11 Hæfi stjórnar og spurðu um skilgreiningu á orðinu börn í tillögunni, hvort það ætti við um börn yngri en 18 ára eins og börn eru skilgreind samkvæmt lögum?

Gísli Jafetsson viðraði hugmynd að breytingum á tillögum sem miða að lengingu kjörtímabils og lagði til að kjörtímabilið yrði lengt í 3 ár. Jóhann Már Sigurbjörnsson tók undir þessa hugmynd. Jóhann Már sagði að ástæða hafi verið fyrir því að kjörtímabil forystunnar væri 2 ár en ekki 4. Tillaga um fjögurra ára kjörtímabil hafi tvisvar sinnum áður verið lögð fram og felld. Fundarstjóri benti á að hugmyndin um 3ja ára kjörtímabil væri illfrankvæmanleg vegna þess að helmingi stjórnar er skipt út hverju sinni og barst ekki skrifleg tillaga þar að lútandi.

Kristín María Björnsdóttir lýsti yfir efasemdum um tillögunar um lengingu kjörtímabil og lagði til að tillögunum verði vísað aftur til laganefndar, sjá tillögu neðar.

Arnar Þorvarðarson spurði hvort hugmyndir um lengingu kjörtímabils næðu einnig til trúnaðarmanna. Fundarstjóri svaraði að ekki væri gert ráð fyrir því í þessum tillögum en að slíkt yrði skoðað.

Kristjana Þorbjörg kom í pontu og svaraði spurningum um tillögu nr. 8 um gr. 11 Hæfi stjórnarmanna. Hún sagði mikla umræða hafa átt sér stað í stjórn um þessa tillögu og hafi niðurstaða meirihlutans verið sú að stjórnarmaður geti aldrei verið hlutlaus þegar kemur að maka eða börnum, þó stjórnarmaðurinn sjálfur taki ekki þátt í fyrirtækinu. Því sé inni klausa um stöðu stjórnarmanns eigi hann innan við 5% í fyrirtæki á starfssviði VR þar sem maki eða börn fari með ráðandi hlut.

Fundarstjóri benti á að 2/3 atkvæða þurfi til að samþykkja breytingar á lögum félagsins. Fundarstjóri lagði fyrir fundinn tillögur stjórnar sem hér segir:

#### **Tillögur nr. 1-4**

##### **Gr. 20.2. Um kosningu í trúnaðarráð, 2. mgr.**

„Auglýsa skal í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt, eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.“

##### **Gr. 20.3. Um framkvæmd kosninga, 3. mgr.**

„Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt.“

**Gr. 23. Aðalfundur, 1. mgr.** „Skal hann boðaður með auglýsingu í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt, með 10 daga fyrirvara.“

**Gr. 25. Félagsfundir, 1. mgr.** „Fundur telst lögmætur sé hann boðaður með auglýsingu í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt, með minnst tveggja daga fyrirvara.“

Tillögurnar voru lagðar fyrir atkvæðagreiðslu með handauppréttingu. Fundarstjóri lýsti tillögurnar samþykktar.

Þá var lögð fyrir tillaga Gísla Jafetssonar um breytingu á gr. 14. Trúnaðarráð sem hér segir:

*Bætt verði við greinina að formaður Öldungaráðs eigi sæti í trúnaðarráði.*

Tillagan var lögð fyrir atkvæðagreiðslu með handauppréttingu. Fundarstjóri lýsti tillöguna samþykkt.

Fundarstjóri lagði því næst fyrir tillögu nr. 5 með samþykktri breytingu:

**Gr. 14. Trúnaðarráð, 2 mgr.**

*„Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, varastjórnar, stjórnar Ungliðaráðs VR og formanns Öldungaráðs, stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til tveggja ára í senn. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar a.m.k. 4 sinnum á ári og eftir því sem þurfa þykir.“*

Tillagan var lögð fyrir atkvæðagreiðslu með handauppréttingu. Fundarstjóri lýsti tillöguna samþykkt.

Fundarstjóri lagði því næst fyrir tillögu nr. 6 sem hér segir:

**Gr. 10. Stjórn**

*„Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og 3 til vara. Formaður skal kosinn til tveggja ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir 7 í einu til tveggja ára og ganga árlega 7 úr stjórninni á víxl. Varamenn skuli kosnir til eins árs í senn. Hverfi stjórnarmaður frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum, eða tekur að stunda atvinnu, sem fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага, skal kjósa mann í hans stað við fyrsta stjórnarkjör á eftir. Stjórnin kýs sér varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum. Meirihluta stjórnar þarf til að skuldbinda félagið.“*

Tillagan var lögð fyrir atkvæðagreiðslu með handauppréttingu. Fundarstjóri lýsti tillöguna samþykkt.

Fundarstjóri lagaði því næst fyrir tillögu nr. 7 sem hér segir:

### **Gr. 3. Félagsaðild**

#### **Ný mgr.**

*„Fullgildur félagsmaður sem byggir fullgilda aðild sína á greiðslu iðgjalda af þóknun fyrir setu í stjórnnum eða ráðum á vettvangi félagsins eða fyrir þess hönd að hluta eða öllu leyti nýtur ekki kjörgengis. Ákvæði þetta tekur ekki til kjörinna fulltrúa sem jafnframt eru starfsmenn félagsins.“*

Tillagan var lögð fyrir atkvæðagreiðslu með handauppréttingu. Fundarstjóri lýsti tillöguna samþykkt.

Fundarstjóri lagði því næst fyrir breytingartillögu Arnþórs Sigurðssonar við tillögu nr. 8, gr. 11 Hæfi stjórnar, sem hér segir:

*Fellt verði úr tillögunni setningin: „Það sama á við þó eignarhlutur þeirra sé undir 5%, fari maki stjórnarmanns eða börn hans með ráðandi hlut í slíku fyrirtæki.“*

Tillagan var lögð fyrir atkvæðagreiðslu með handauppréttingu. Fundarstjóri lýsti því yfir að tillögunni hafi verið hafnað.

Fundarstjóri leggur því næst fyrir tillögu nr. 8 sem hér segir:

### **Gr. 11. Hæfi stjórnarmanna**

*„Stjórnarmenn skv. 10 gr. og ef við á, stjórnarmenn sjóða skv. 3. mgr. 26. gr. skulu starfa á starfssviði VR. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins. Stjórnarmenn skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í fyrirtæki sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins. Það sama á við þó eignarhlutur þeirra sé undir 5%, fari maki stjórnarmanns eða börn hans með ráðandi hlut í slíku fyrirtæki. Stjórnarmenn mega ekki vera starfandi sem framkvæmdastjórar fyrirtækis, stofnunar eða félags þar sem réttarstaða framkvæmdastjóra rekstrar telst sú sama og sem hann væri sjálfur atvinnurekandi. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn sæti í þeirra stað til loka kjörtímabilsins. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins. Frambjóðendur til stjórnar VR skulu og uppfylla ofangreind skilyrði við lok framboðsfrests sbr. 3. mgr., 20.3. gr., að teknu tilliti til 7. mgr. sömu greinar.*

*Sé ágreiningur um hæfi skal kjörstjórn úrskurða um það.*

*Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmunum félagsins.“*

Tillagan var lögð fyrir atkvæðagreiðslu með handauppréttingu. Fundarstjóri lýsti tillögunu samþykkt.

Bókað er í fundargerð og vísað til laganefndar að sameiginlegur skilningur fundarins sé að þegar vísað er í börn í greininni sé um að ræða börn undir 18 ára.

Fundarstjóri lagði því næst fyrir málsmeðferðartillögu Kristínar Maríu Björnsdóttur við tillögur nr. 9 – 15 um lengingu kjörtímabils formanns, stjórnar og trúnaðarráðs úr tveimur í fjögur ár sem er svohljóðandi:

*„Gert er að tillögu að vísa aftur til laganefndar tillögunni um lengingu kjörtímabils formanns, stjórnar og trúnaðarráðs.“*

Tillagan var lögð fyrir í rafrænni kosningu. Fundarstjóri benti á að einfaldan meirihluta þurfi fyrir samþykkt á málsmeðferðartillögum. Niðurstöðurnar eru sem hér segir:

Já sögðu 32 eða 36,36%  
Nei sagði 51 eða 57,95%  
Tek ekki afstöðu sögðu 5 eða 5,68%

Fundarstjóri lýsti því yfir að tillögunni hafi verið hafnað.

Fundarstjóri óskaði eftir að fá að leggja tillögur nr. 9 – 15 fyrir fundinn allar í einu. Engar athugasemdir bárust við það og lagði fundarstjóri tillögurnar fyrir í rafrænni kosningu. Niðurstöðurnar eru sem hér segir:

Já sögðu 57 eða 67,06%  
Nei sögðu 27 eða 31,76%  
Tek ekki afstöðu sagði 1 eða 1,18%

Fundarstjóri lýsti því yfir að tillögurnar væru samþykktar.

Fundarstjóri lagði því næst fyrir fundinn tillögu nr. 16 um breytingu á orðalagi í lögunum í átt að kynhlutleysi. Tillagan var lögð fyrir atkvæðagreiðslu með handauppréttingu.

Fundarstjóri lýsti því yfir að tillagan hafi verið samþykkt.

Fundarstjóri lagði því næst fyrir fundinn tillögu nr. 17 um samræmingu á orðalagi í lögunum þegar kemur að orðunum atvinnurekandi og vefsíða í stað vinnuveitandi og heimasíða. Tillagan var lögð fyrir atkvæðagreiðslu með handauppréttingu.

Fundarstjóri lýsti því yfir að tillagan hafi verið samþykkt.

Fundarstjóri lagði því næst lög VR með áorðnum breytingum fyrir fundinn í rafrænni kosningu. Niðurstöðurnar eru sem hér segir:

Já sögðu 73 eða 84,88%  
 Nei sögðu 11 eða 12,79%  
 Tek ekki afstöðu sögðu 1 eða 2,33%

Fundarstjóri lýsti því yfir að lög VR með áorðnum breytingum væru samþykkt.

Lög VR með þeim breytingum sem samþykktar voru á aðalfundinum eru birt í heild sinni hér að neðan:

## Lög VR

### 1. gr. Heiti, starfssvæði

Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Suðurnesjabæjar, sveitarfélagsins Voga, Vestmannaeyja, Árnassýslu, Rangárvallarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Húnaþings vestra, Akraness, Hvalfjarðarsveitar, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Múlaþings, Fljótshrepps og Fjarðabyggðar. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins er að efla og styðja hag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks á félagssvæðinu með því að vinna að framgangi allra þeirra mála, er verða mega til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara launafólks í landinu.

Félagið gerir kjarasamninga fyrir félagsfólk sitt og kemur fram fyrir þeirra hönd gagnvart stjórnvöldum og öðrum, að því er varðar hagsmuni félagsfólks.

### 3. gr. Félagsaðild

Félagið er opið öllu verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólki.

Félagar geta þeir orðið sem starfa á starfssviði félagsins sem launafólk eða eru sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði.

Félagsfólk sem missir starf sitt á vinnumarkaði getur áfram verið félagsfólk, gegn greiðslu félagsgjalds af greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem sjóðurinn hefur milligöngu um að skila til VR. Hafi það ekki verið félagar í VR við upphaf atvinnuleysisbótageiðslna skal það hafa greitt félagsgjald til VR að lágmarki í 36 mánuði á síðustu 5 árum fyrir umsókn atvinnuleysisbóta.

Félagsfólk sem hættir störfum á vinnumarkaði vegna örorku getur verið áfram félagsfólk þó án þess að njóta kjörgengis í félaginu, gegn greiðslu félagsgjalds til VR hjá þeim lífeyrissjóðum sem bjóða milligöngu um að skila félagsgjöldum til stéttarfélaga. Skal það hafa verið félagsfólk í VR óslitið í 5 ár áður en til örorku kom og skal greiðsla félagsgjalda með þessum hætti hefjast eigi síðar en innan 12 mánaða frá fyrstu greiðslu örorkulífeyris.

Eldra félagsfólk sem fær greiddan ellilífeyri og sem verið hefur í félaginu a.m.k. 5 ár fyrir töku eftirlauna telst áfram félagsfólk í VR en nýtur ekki kjörgengis.

Þau sem hverfa frá störfum um stundarsakir vegna náms eða veikinda geta nýtt sér áunninn rétt við inngöngu að nýju skv. nánari reglum félagsins.

Fullgilt félagsfólk geta þau orðið sem:

- Náð hafa 16 ára að aldri.
- Eru skuldlaus við félagið eða önnur stéttarfélög.
- Eru greiðandi og hafa greitt lágmarksfélagsgjald á undangengnum 12 mánuðum sbr. 9. gr., þó með þeim undantekningum sem kveðið er á um í lögum þessum og staðfest hafa aðild sína að félaginu skv. nánari ákvæðum laga þessara.
- Unglingar geta orðið félagsfólk þó þeir hafi ekki náð 16 ára aldri en njóta þó ekki kjörgengis í félaginu.

Sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði geta orðið félagsfólk með takmörkuðum réttindum skv. reglum einstakra sjóða auk þess sem þeir njóta ekki kjörgengis í félaginu. Sjálfstætt starfandi og/eða eigendur fyrirtækja eiga ekki rétt á að greiða atkvæði um kjarasamninga eða verkföll.

Sjálfstætt starfandi teljast þau sem ber að áætla sér reiknað endurgjald samkvæmt ákvörðun skattayfirvalda, auk þeirra sem skráð eru sem launafólk hjá eigin fyrirtæki, enda hafa þau þannig ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Þar sem sjálfstætt starfandi, og/eða fjölskyldumeðlimur rekstraraðila, teljast hafa ráðandi stöðu skulu iðgjöld þeirra ávallt vera greidd og í skilum ef sækja á þjónustu til VR eða réttindi í sjóðum félagsins.

Fullgildur félagi sem byggir fullgilda aðild sína á greiðslu iðgjalda af þóknun fyrir setu í stjórnnum eða ráðum á vettvangi félagsins eða fyrir þess hönd að hluta eða öllu leyti nýtur ekki kjörgengis. Ákvæði þetta tekur ekki til kjörinna fulltrúa sem jafnframt eru starfsfólk félagsins.

#### 4. gr. Innganga í félagið

Umsækjendur um félagsaðild skulu óska aðildar að félaginu með inntökubeiðnum eða með skilum á gjöldum til félagsins. Aðild nýs félaga að félaginu skal staðfest af skrifstofu félagsins árlega og skal félagið senda viðkomandi tilkynningu um staðfestingu á inngöngu í félagið. Geri hann ekki athugasemdir um aðild innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar telst hann orðinn félagi. Ekki er þörf sérstakrar staðfestingar ef viðkomandi hefur áður greitt til félagsins.

Um iðgjöld þeirra sem ekki kjósa að gerast félagsfólk, gilda ákvæði kjarasamninga félagsins á hverjum tíma. Sé vafi um rétt til aðildar skal stjórn úrskurða um málið. Unnt er að skjóta þeirri ákvörðun til úrskurðar trúnaðarráðs. Nýjum félögum og sjálfstætt starfandi sem óska aðildar að félaginu er skylt að veita upplýsingar um starfssvið, áætlaðar tekjur og gögn frá opinberum aðilum til staðfestingar á tekjum sé þess óskað.

#### 5. gr. Réttindi og skyldur

Réttindi félagsfólks eru:

- Málfrelsi, tillögu- og atkvæðaréttur á fundum félagsins. Atkvæðisréttur um kjarasamninga félagsins er bundinn þeim sem starfa samkvæmt þeim kjarasamningi sem kosið er um hverju sinni.
- Allt fullgilt félagsfólk hefur kjörgengi til trúnaðarstarfa innan félagsins, þó með þeim undantekningum sem getið er um í 3. gr.
- Réttur til styrkja og greiðslna úr sjóðum félagsins í samræmi við reglur þeirra.
- Réttur til að vinna þau störf sem kjarasamningar taka til.
- Réttur til afnota af sameiginlegum eignum eftir nánari reglugerðum og reglum félagsins s.s. orlofshúsum, tjaldvögnum o.fl.
- Réttur til aðstoðar félagsins við vanefndir atvinnurekanda á starfskjörum.

Skyldur félagsfólks eru:

- Að hlíta lögum félagsins, fundarsköpum, fundarsamþykktum og halda í einu og öllu samninga sem félagið hefur gert.
- Að greiða félagsgjald

## 6. gr. Úrsögn

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og send skrifstofu félagsins. Ekki er hægt að segja sig úr félaginu, eftir að kröfugerð í vinnudeilu hefur verið vísað til ríkissáttasemjara og þar til samningar hafa náðst. Einnig er óheimilt að segja sig úr félaginu til þess að taka upp störf félagsmeðlima innan Landssambands Íslenzkra verzlunarmanna og Alþýðusambands Íslands, er lagt hafa niður vinnu vegna vinnudeilu.

Fella skal burt af félagaskrá hvern þann féлага, er hverfur sem starfskraftur frá verzlunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum eða tekur að stunda atvinnu, er fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага.

## 7. gr. Brottvikning

Stjórn félagsins getur vikið úr félaginu þeim, sem að hennar áliti brýtur lög félagsins, samninga þess við atvinnurekendur eða vinnur gegn hagsmunum þess. Ákvörðun stjórnar er heimilt að vísa til úrskurðar trúnaðarráðs. Til samþykkis slíkrar brottvikningar þarf 2/3 greiddra atkvæða, hvort sem er á trúnaðarráðsfundi eða stjórnarfundi. Brottvikningu skal ekki beitt nema sakir séu miklar eða brot sem áminnt hefur verið fyrir, verið ítrekað. Áður en til brottvikningar kemur skal féлага gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri við stjórn.

## 8. gr. Heiðursfélagar - gullmerki

Stjórn félagsins er heimilt að velja heiðursféлага og sæma fólk gullmerki félagsins. Heiðursfélagar eru undanskildir félagsgjaldi.

## 9. gr. Félagsgjöld

Aðalfundur ákveður félagsgjaldið hverju sinni. Þó er heimilt að innheimta félagsgjaldið sem hundraðshluta af launum af sama grunni og iðgjald til Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og kveða á um lágmarksfélagsgjald.

## 10. gr. Stjórn

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og 3 til vara. Formaður skal kosinn til fjögurra ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir 7 í einu til fjögurra ára og annað hvert ár ganga 7 úr stjórninni á víxl. Varamenn skuli kosnir til tveggja ára í senn. Hverfi stjórnarmaður frá verzlunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum, eða tekur að stunda atvinnu, sem fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага, skal kjósa í hans stað við fyrsta stjórnarkjör á eftir. Stjórn félagsins skal setja sér starfsreglur. Stjórnin kýs sér varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum.

Meirihluta stjórnar þarf til að skuldbinda félagið.

## 11. gr. Hæfi stjórnarmanna

Stjórnarmenn skv. 10 gr. og ef við á, stjórnarmenn sjóða skv. 3. mgr. 26. gr. skulu starfa á starfssviði VR. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins. Stjórnarmenn skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í fyrirtæki sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins. Það sama á við þó eignarhlutur þeirra sé undir 5%, fari maki stjórnarmanns eða börn hans með ráðandi hlut í slíku fyrirtæki. Stjórnarmenn mega ekki vera starfandi sem framkvæmdastjórar fyrirtækis, stofnunar eða félags þar sem réttarstaða framkvæmdastjóra rekstrar telst sú sama og sem hann væri sjálfur atvinnurekandi. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja

sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn sæti í þeirra stað til loka kjörtímabilsins. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins. Frambjóðendur til stjórnar VR skulu og uppfylla ofangreind skilyrði við lok framboðsfrests sbr. 3. mgr., 20.3. gr., að teknu tilliti til 7. mgr. sömu greinar.

Sé ágreiningur um hæfi skal kjörstjórn úrskurða um það.

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

## **12. gr. Störf stjórnar**

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda.

Stjórn skal vinna að stefnumótun fyrir félagið og vinna að framgangi þeirra mála sem félagið hefur sett sér að vinna að.

Stjórn skal sjá um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi og í samræmi við lög félagsins.

Stjórn ber ábyrgð á fjárreiðum og eignum félagsins og tekur allar meiriháttar ákvarðanir er snúa að fjármálum. Hún skal sjá svo um að fjármál séu jafnan í góðu horfi svo sem bókhald og meðferð fjármuna.

Stjórn fylgist með störfum deilda eða starfsgreina sem starfræktar eru eða kunna að verða.

Stjórn hefur að öðru leyti vakandi áhuga fyrir því, er félaginu má verða til heilla.

Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins. Stjórn er ekki er heimilt að ráða stjórnarfolk eða formann félagsins sem framkvæmdastjóra þess.

Framkvæmdastjóri ræður starfsfolk og semur um kjör þeirra. Launanefnd gerir tillögu að launum og starfskjörum formanns og framkvæmdastjóra sem síðan þarf samþykki stjórnar VR.

Stjórnarmenn skulu rækja skyldur sínar af heilindum, hafa möguleika á að verja þeim tíma til stjórnarstarfa sem slík seta krefst og taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig.

## **13. gr. Stjórnarfundir**

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og skal það, er á fundunum gerist skráð í sérstaka gerðarbók. Fundur er lögmatgur þegar meirihluti stjórnarfólks sækir fund. Formaður sér um að boða til funda og stjórnar þeim. Formaður sér um að gerðarbók sé rituð og hún varðveitt með öruggum hætti.

Varaformaður gegnir skyldum formanns í forföllum hans.

Halda skal fund ef a.m.k. 4 stjórnarmenn krefjast þess. Afl atkvæða ræður úrslitum um afgreiðslu mála.

## **14. gr. Trúnaðarráð**

Í félaginu skal starfa trúnaðarráð sem skal vera stjórn félagsins ráðgefandi varðandi ýmis stærri málefni sem upp koma í starfsemi félagsins s.s. við gerð kjarasamninga og meiriháttar framkvæmda á vegum félagsins. Auk þess skal trúnaðarráð gera annað það sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, varastjórnar, stjórnar Ungliðaráðs VR og formanns Öldungaráðs VR, stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til fjögurra ára í senn. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar a.m.k. 4 sinnum á ári og eftir því sem þurfa þykir.

### 15. gr. Deildir

Stjórn félagsins er heimilt að starfrækja deildir innan félagsins eftir starfsgreinum / atvinnugreinum þess og landssvæðum. Hlutverk deildar er meðal annars að vinna að sameiginlegum hagsmunum starfsfólks í starfsgreinum / atvinnugreinum og landssvæðum, stuðla að fræðslu þeirra og fjalla um kjaramál fyrir starfsgreinar / atvinnugreinarinnar og landssvæðin. Stjórn deildar er kosin á deildarfundum. Stjórn deildar er skipuð að lágmarki 3 aðilum sem skipta með sér verkum, varamenn skulu vera jafnmargir. Kjörtímabil stjórnar er 4 ár. Stjórn deildarinnar getur fengið fjármuni, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar félagsins, til ráðstöfunar til fræðslu- og menningarmála innan starfsgreinarinnar. Deild skal setja sér starfsreglur sem stjórn félagsins staðfestir.

### 16. gr. Trúnaðarmenn

Formaður, fyrir hönd stjórnar félagsins, staðfestir val á trúnaðarmönnum á vinnustöðum og fullgildir skipun þeirra með erindisbréfi, sem þeir starfa eftir.

Trúnaðarmenn skulu hafa eftirlit með að lögum félagsins, samþykktum og samningum sé hlýtt.

Trúnaðarmenn eru tengiliðir starfsfólks á viðkomandi vinnustað við stjórn og starfsfólk félagsins. Að öðru leyti fer um starfsemi, réttindi og skyldur trúnaðarmanna að lögum og kjarasamningi félagsins.

### 17. gr. Samninganefnd

Samninganefnd skal vera starfandi í félaginu. Samninganefnd kemur fram fyrir hönd félagsins við gerð kjarasamninga. Stjórn félagsins er jafnframt samninganefnd þess. Stjórn er heimilt að kalla fleira félagsfólk til setu í samninganefnd eftir því sem þurfa þykir. Við gerð sérkjarasamninga, vinnustaða- eða fyrirtækjasamninga er samninganefnd heimilt að skipa minni samninganefnd.

Kröfugerð við gerð aðalkjarasamninga skal borin upp í trúnaðarráði til samþykktar áður en hún er lögð fram við samningagerð.

### 18. gr. Allsherjaratkvæðagreiðsla

Allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa:

1. Um kosningu stjórnar og trúnaðarráðs.
2. Um vinnustöðvun. Nú er vinnustöðvun einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsfólks eða starfsfólks á tilgreindum vinnustað og er þá heimilt að taka ákvörðun um vinnustöðvun með atkvæðum þeirra sem henni er ætlað að taka til.
3. Um miðlunartillögu ríkissáttasemjara eftir því sem við á.
4. Þegar trúnaðarráð eða lögmætur félagsfundur samþykkir að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu.

Við allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa almenna leynilega atkvæðagreiðslu meðal félagsfólksmanna samkvæmt reglum ASÍ nema sérstakar aðstæður hamli.

### 19. gr. Kjörstjórn

Kjörstjórn skal skipuð þremur aðilum við kosningar í félaginu. Tveimur tilnefndum af stjórn félagsins og einum tilnefndum af Landssambandi Íslenzkra verzlunarmanna eða Alþýðusambandi Íslands. Tilnefna skal jafnmarga til vara. Kjörstjórn sér alfarið um framkvæmd kosninga samkvæmt reglugerð ASÍ.

## **20. gr. Kosning formanns, stjórnar og trúnaðarráðs**

### **20.1. Um kosningu formanns og stjórnar**

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu fjórða hvert ár. Annað hvert ár skulu 7 stjórnarmenn kosnir til fjögurra ára og 3 varamenn til tveggja ára í einstaklingsbundinni kosningu.

Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgilds félagsfólks.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal stjórn félagsins gera tillögu um stjórnarfólk sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar. Ef fleiri tillögur koma fram á fundi trúnaðarráðs skal kosið á milli þeirra á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

### **20.2. Um kosningu í trúnaðarráð**

Annað hvert ár skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til fjögurra ára í senn. Missi trúnaðarráðsliði hæfi til setu í ráðinu sbr. 3 mgr. 11. gr. á fyrsta ári kjörs hans, skal í næstu kosningu til trúnaðarráðs fjöldi fulltrúa á framboðslista vera aukinn umfram 41 sem nemur þeim fjölda sem misst hefur hæfi. Þeir sem bætast þannig við framboðslistann skulu þó aðeins vera í kjöri til eins árs.

Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgilds félagsfólks. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og í einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins. Auglýsa skal í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt, eftir félagsfólki sem vill taka sæti á listanum.

Uppstillingarnefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal uppstillingarnefnd gera tillögu um fulltrúa til setu á listanum sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar.

Hafi fleiri gefið kost á sér en sætin sem skipa á skal listinn borinn upp í trúnaðarráði til samþykktar. Sá aðili sem gefið hefur kost á sér en ekki fengið sæti á listanum getur krafist þess að kosið verði um frambjóðendur á fundi trúnaðarráðs.

### **20.3. Um framkvæmd kosninga**

Kjörstjórn úrskurðar um lögmati framboða.

Kjörstjórn sér um og tekur ákvarðanir um framkvæmd kosninga. Ákvarðanir kjörstjórnar eru endanlegar.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt.

Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 15 félaga þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félaga þarf vegna framboðs til formanns.

Við framboð lista til trúnaðarráðs skal liggja fyrir skriflegt samþykki allra þeirra sem á listanum eru.

Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 1% félagsfólks.

Kjörstjórn er heimilt að gefa sólarhringsfrest til að lagfæra annmarka á framboðum. Kjörstjórn úrskurðar um hæfi og kjörgengi allra frambjóðenda og auglýsir að því loknu upphaf atkvæðagreiðslu sbr. reglugerð ASÍ um leynilega allsherjaratkvæðagreiðslu. Úrskurðir kjörstjórnar eru endanlegir.

Kosning skal fara fram innan 6 vikna frá því að framboðsfrestur rennur út.

Kosningum til trúnaðarstarfa í félaginu skal lokið eigi síðar en 15 mars ár hvert.

Frambjóðendur í einstaklingskosningu geta dregið framboð sitt til baka allt að viku fyrir upphaf kjördags. Frambjóðendur í listakosningu geta ekki dregið framboð sitt til baka eftir að framboðsfresti lýkur.

Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Halda skal kynningarfundum meðal félagsfólks krefjist einn eða fleiri frambjóðenda þess. Um framkvæmd og undirbúning kosninga fer að öðru leyti eftir reglugerð ASÍ um leynilegar atkvæðagreiðslur.

#### **20.4. Um kjörseðla og röðun á lista**

Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá aðili sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna. Þau 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 4 ára og næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til tveggja ára.

Við kosningu til trúnaðarráðs:

Séu fleiri listar en listi stjórnar og trúnaðarráðs skal merkja listana með bókstaf hvern fyrir sig í þeirri röð sem þeir berast. Nöfnum á hverjum lista skal raðað í stafrófsröð. Sé á fundi trúnaðarráðs kosið milli einstaklinga sem skipa skulu listann sbr. 5.mgr. 20.gr. 2, skal nöfnum raðað á kjörseðil í stafrófsröð.

#### **21. gr. Kjör á þing LÍV og ársfund ASÍ**

Um kosningu fulltrúa á þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna, og ársfund Alþýðusambands Íslands er heimilt að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu og skal hún fara fram eftir reglugerð ASÍ þar um. Komi til allsherjaratkvæðagreiðslu um lista fulltrúa þarf samþykki allra þeirra sem á listanum eru að liggja fyrir. Til að listi sem borinn er fram gegn lista stjórnar og trúnaðarráðs VR sé löglega fram borinn þarf hann skrifleg meðmæli 1% félagsfólks. Taka skal mið af 18. grein um kosningar eftir því sem við á.

#### **22. gr. Jafnræði**

Við val á félagsfólki til trúnaðarstarfa fyrir félagið skal gætt jafnræðis milli kynja og milli starfsgreina.

#### **23. gr. Aðalfundir**

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert og eigi síðar en 14 dögum eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram. Skal hann boðaður með auglýsingu í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt, með 10 daga fyrirvara. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Stjórn er heimilt að halda aðalfund með rafrænum hætti að hluta eða öllu leyti og skal tryggja að gætt sé jafnræðis meðal fundarfólks hvort sem það sækir fundinn á staðnum eða rafrænt. Rafræn þátttaka félagsfólks á slíkum rafrænum aðalfundum skal ávallt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

## 24. gr. Dagskrá aðalfundar

Dagskrá aðalfundar skal vera þannig:

1. Kosinn fundarstjóri.
2. Kosinn ritari.
3. Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins undanfarið starfsár.
4. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar.
5. Lagabreytingar og reglugerðarbreytingar, ef tillögur liggja fyrir.
6. Lýst kjöri stjórnar og trúnaðarráðs.
7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu og tveggja félagslega kjörinna skoðunarmanna.
8. Ákvörðun félagsgjalds.
9. Ákvörðun um laun stjórnarmanna.
10. Önnur mál.

## 25. gr. Félagsfundir

Félagið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þó skal stjórninni skytt að boða til fundar, þegar eigi færri en 1% félagsfólks krefst þess skriflega og skal fundurinn haldinn innan 7 daga frá því að stjórninni barst krafan í hendur. Fundur telst lögmætur sé hann boðaður með auglýsingu í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt, með minnst tveggja daga fyrirvara. Mál, sem ekki hafa verið greind í auglýstri dagskrá félagsfundar er ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum en gera má ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn félagsins.

Heimilt er stjórn að boða fund með skemmri fyrirvara vegna sérstakra ástæðna, svo sem samningagerðar eða annars samkvæmt mati stjórnarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema þar sem lög þessi ákveða annað. Gjörðabók skal haldin og í hana ritað ágríp af því sem fram fer á fundum félagsins. Stjórn er heimilt að halda félagsfundi með rafrænum hætti að hluta eða öllu leyti og skal tryggja að gætt sé jafnræðis meðal fundarfólks hvort sem það sækir fundinn á staðnum eða rafrænt. Rafræn þátttaka félagsfólks á slíkum rafrænum félagsfundum skal ávallt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum.

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum málefnum félagsins milli aðalfunda innan þeirra takmarka, sem löggin setja og hér að ofan greinir.

## 26. gr. Sjóðir

Félagið rekur:

Félagssjóð, Sjúkrasjóð, Orlofssjóð, Varasjóð og Vinnudeilusjóð.

Í reglugerð sjóðanna skal tilgreina hlutverk, tekjur, hvernig greiðslum úr sjóðnum er háttað og annað það er viðkemur rekstri sjóðanna.

Stjórn VR er stjórn sjóðanna en heimilt er að skipa sérstaka stjórn um hvern sjóð fyrir sig.

Sjóðir félagsins skulu ávaxtaðir með eftirfarandi hætti:

- a) í ríkisskuldabréfum, í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs,
- b) með kaupum á markaðsskráðum verðbréfum,
- c) á banka- eða sparissjóðsreikningum,
- d) í fasteignum tengdum starfsemi og markmiðum sjóðanna,
- e) á annan þann hátt er stjórn og trúnaðarráð meta tryggan.

## 27. gr. Reikningar

Stjórn félagsins leggur fram reikninga sem skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og áritaðir af honum og skoðunarmönnum félagsins. Skulu þeir liggja þannig frammi á skrifstofu félagsins og vefsíðu félagsins, félagsfólki til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund.

## 28. gr. Lagabreytingar

Lögum þessum verður eigi breytt nema á lögsmætum aðalfundi. Heimilt er þó á aðalfundi eða framhaldsaðalfundi að vísa lagabreytingum til allsherjaratkvæðagreiðslu.

Í fundarboði skal þess getið að lagabreytingar séu á dagskrá.

Lagabreytingatillögur stjórnar skulu kynntar í trúnaðarráði.

Tillögum um lagabreytingar skal skilað til félagsstjórnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Á aðalfundi er eingöngu heimilt að gera breytingatillögur við þær lagabreytingar sem lagðar hafa verið fyrir félagsstjórn með þessum hætti. Aðrar breytingatillögur verða ekki teknar fyrir.

Allar lagabreytingatillögur skulu liggja frammi á skrifstofu og vefsíðu félagsins í 7 daga fyrir aðalfund.

Til lagabreytinga þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Breytingar á lögnum koma þá fyrst til framkvæmda er miðstjórn Alþýðusambands Íslands og stjórn Landssambands Íslenskra verzlunarmanna hafa staðfest þær.

## 29. gr. Slit félagsins

Félaginu verður ekki slitið nema 3/4 alls félagsfólks samþykki það og þessari ákvörðun verður ekki breytt með tilvitnun til ákvæðis 28. gr.

### Bráðabirgðaákvæði vegna kosninga til forystu 2025 og 2026

Kosningar árið 2025 skulu vera með hinu nýja sniði í gr. 20.1 og 20.2. Árið 2026 er kosið til sjö sæta í aðalstjórn til eins árs og 41 sæta í trúnaðarráði til eins árs. Árið 2027 er kosið til sjö sæta í aðalstjórn til fjögurra ára og í varastjórn til tveggja ára. Kosningin er 41 fulltrúi í trúnaðarráð til fjögurra ára.

Næsta kosning þar á eftir verður árið 2027 og svo koll af kolli annað hvert ár og þá að fullu samkvæmt nýjum reglum.

(Lög VR, samþykkt á aðalfundi VR 28. febrúar 1955 með áorðnum breytingum 19. febrúar 1958, 23. febrúar 1959, 10. febrúar 1965, 17. janúar 1967, 25. janúar 1969, 2. júní 1975, 11. febrúar 1976, 21. mars 1978, 18. mars 1991, 25. mars 2002, 14. mars 2005, 24. apríl 2006, 31. mars 2008, 2. apríl 2009, 11. janúar 2011, 27. apríl 2011, 10. apríl 2012, 26. mars 2014 og 25. mars 2015, 28. mars 2017, 19. mars 2018, 27. mars 2019, 9. júní 2020, 24. mars 2021, 29. mars 2023, 21. mars 2024).

## 7. Lýst kjöri stjórnar og trúnaðarráðs

Fundarstjóri fór því næst yfir kjör stjórnar og trúnaðarráðs fyrir kjörtímabilið 2024 – 2026. Þann 24. janúar 2024 auglýsti kjörstjórn VR eftir áhugasömum til að starfa fyrir félagið. Auglýst var eftir framboðum til sjö sæta í aðalstjórn VR til tveggja ára og þriggja til vara til eins árs sem og listaframboðum fyrir 41 sæti í trúnaðarráð. Framboðsfrestur var til kl. 12:00 á hádegi 5. febrúar 2024.

Alls bárust 14 einstaklingsframboð til stjórnar og úrskurðaði kjörstjórn öll löglega fram borin. Einn frambjóðandi dró framboð sitt til baka innan þeirra tímamarka sem löggin veita. Ekkert mótframboð barst í listakosningu til trúnaðarráðs og er listi stjórnar og trúnaðarráðs því sjálfkjörinn.

Atkvæðagreiðsla meðal kosningabærs félagsfólks VR stóð frá 6. mars til 12:00 á hádegi þann 13. mars. Atkvæðagreiðslan var rafræn. Atkvæðu greiddu 3.496 en á kjörskrá voru 40.740 VR félagar. Kosningaþátttaka var 8,58%.

Niðurstaða kosninganna var sem hér segir: Sjö stjórnarmenn til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR eru eftirtalin (birt á glærum með myndum):

Sigríður Lovísa Jónsdóttir  
 Jónas Yngvi Ásgrímsson  
 Diljá Ámundadóttir Zoega  
 Bjarni Þór Sigurðsson  
 Harpa Sævarsdóttir  
 Gabríel Benjamin  
 Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

### Þrjú varamenn í stjórn VR – til eins árs

Arnpór Sigurðsson  
 Selma Björk Grétarsdóttir  
 Þorvarður Bergmann Kjartansson

Fundarstjóri birti því næst lista yfir fulltrúa í trúnaðarráð sem kosnir voru kjörtímabilið 2024 – 2026. Með leyfi fundarins var lestri listans sleppt en hann er sem hér segir:

Anna Bryndís Hendriksdóttir	Jóhann Bjarni Knútsson
Arman Ahmadizad	Jón Guðnason
Auður Jacobsen	Jón Ingi Kristjánsson
Ágústa Harðardóttir	Jón Ólafur Valdimarsson
Ásdís Hreinsdóttir	Kristín Valdimarsdóttir
Áskell Viðar Bjarnason	Kristján Gísli Stefánsson
Bára Jóhannsdóttir	Magnús Þorsteinsson
Benedikt Ragnarsson	Pálmey Helga Gísladóttir
Birna Aronsdóttir	Sæmundur Karl Jóhannesson
Björgvin Björgvinsson	Signý Sigurðardóttir
Christopher John Eva	Stefán Sveinbjörnsson
Clara Claire Marie Salducci	Steinunn Böðvarsdóttir
Edda Svandís Einarsdóttir	Stephan Ahrens
Edda Þöll Kentish	Tómas Elí Guðmundsson
Elín Sigríður Hallgrímsdóttir	Unnur Elva Arnardóttir
Guðmundur Bergmann Pálsson	Victor Karl Magnússon
Gunnar Steinn Þórsson	Þóra Skúladóttir Öfjörð
Hafdís Erla Kristinsdóttir	Þórður Mar Sigurðsson
Helen Renée Rasanen	Þorsteinn Þórólfsson
Helga Bryndís Jónsdóttir	Þórunn Davíðsdóttir
Ingibjörg H Hjartardóttir	

Fundarstjóri lýsti því yfir á fundinum að öll ofangreind teldust réttkjörin til trúnaðarstarfa fyrir félagið samkvæmt lögum félagsins, kjörtímabilið 2024 – 2026.

Nýkjörnir stjórnarmenn og varastjórnarmenn sem á fundinum voru sem og trúnaðarráð stóð upp þegar hver hópur var kynntur og var fagnað með lófataki.

## 8. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu og tveggja félagslegra kjörinna skoðunarmanna

Fundarstjóri les upp tillögu stjórnar um löggiltan endurskoðanda sem hér segir:

### **Tillaga stjórnar VR:**

*„Aðalfundur VR, haldinn á Fosshótel Reykjavík fimmtudaginn 21. mars 2024, samþykkir að endurskoðunarskrifstofan PWC hf. sjái um endurskoðun félagsins fyrir reiknisárið 2024.“*

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um tillöguna en enginn kvaddi sér hljóðs.

Tillagan var lögð fyrir atkvæðagreiðslu með handauppréttingu. Fundarstjóri lýsti tillöguna samþykkt.

Fundarstjóri les upp tillögu stjórnar um tvo félagslega kjörna skoðunarmenn reikninga sem hér segir:

### **Tillaga stjórnar VR:**

*„Aðalfundur VR, haldinn á Fosshótel Reykjavík fimmtudaginn 21. mars 2024, samþykkir að skoðunarmenn VR, sbr. 27. gr. laga VR, verði Þóra Skúladóttir Öfjörð og Sveinn Enok Jóhannsson. Til vara verði Kristján Gísli Stefánsson.“*

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um tillöguna en enginn kvaddi sér hljóðs.

Tillagan var lögð fyrir atkvæðagreiðslu með handauppréttingu. Fundarstjóri lýsti tillöguna samþykkt.

## 9. Ákvörðun félagsgjalds

Fundarstjóri les upp tillögu stjórnar um félagsgjald sem hér segir:

### **Tillaga stjórnar VR:**

*„Aðalfundur VR, haldinn á Fosshótel Reykjavík fimmtudaginn 21. mars 2024, samþykkir að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af heildarlaunum, og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum afgangslufólks frá og með sama tíma. Félagsgjaldið skiptist þannig að 0,65% renna í Félagssjóð VR og 0,05% renna í Vinnudeilusjóð VR.“*

Fundarstjóri skýrir frá því að breytingatillaga hafi borist við tillögu stjórnar og kemur Björn Viðar Ólason í pontu til að gera grein fyrir tillögu sinni.

Björn segist ekki eins ánægður með kjarasamningana og honum sýnist stjórn vera og telur að færa verði stjórninni fleiri vopn. Í Vinnudeilusjóði séu um 5 ma.kr. en það gangi ekki upp miðað við fjölda félaga. Atvinnurekendur búi yfir vopnum. Hann leggur til svohljóðandi tillögu:

*„Aðalfundur VR, haldinn á Fosshótel Reykjavík fimmtudaginn 21. mars 2024, samþykkir að félagsgjald verði hækkað um 0,10 og verðið í 0,8% af heildarlaunum, og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks frá og með sama tíma. Félagsgjaldið skiptist þannig að 0,65% renna í Félagssjóð VR og 0,15% renna í Vinnudeilusjóð VR.“*

Fundarstjóri opnar fyrir umræður um breytingartillöguna.

Formaður VR, Ragnar Þór, segir þetta áhugaverða tillögu um það hvernig við bregðumst við nýrri nálgun atvinnurekenda. SA muni beita verkbanstvopninu grimmilega og þessi breyting myndi senda skýr skilaboð frá félaginu. Hann segir stöðu sjóðsins nær 6 ma.kr. en 5 ma.kr., en það dugi engu að síður skammt ef greiða þurfi fyrir allt félagsfólk.

Hann bendir hins vegar á að þessi nálgun feli í sér 14% hækkun félagsgjalda á þeim tíma þegar gerð er krafa um aðhald, þetta tali ekki inn í nýgerða kjarasamninga. Hann lýsti engu að síður yfir stuðningi við tillöguna, skilaboðin séu skýr.

Sólveig Róbertsdóttir lýsti yfir stuðningi við tillöguna, það hafi kostað foreldra okkar töluvert að ná fram þeim réttindum sem nú séu í hættu.

Daði Hrólffsson lýsti yfir stuðningi við tillöguna. Hann kvaðst hugsja yfir þróuninni á vinnumarkaði, fyrirtæki brjóti lög og réttindi ítrekað, það sé of mikil lögleysa á vinnumarkaði.

Norbert Sebastian Gruchociak lýsti yfir stuðningi og sagði VR þurfa öll þau vopn sem til séu til að berjast við SA.

Bjarni Þór Sigurðsson sagði að bregðast þyrfti við verkbönum atvinnurekenda og hann væri frekar hlynntur tillögunni. Hann hefði hins vegar hefði áhyggjur af öðrum stéttarfélögum sem seilist í okkar fólk.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir sagðist andvíg tillögunni. Búið sé að hvetja fólk til að halda að sér höndum og hækkun félagsgjalda nú skjóti skökku við. Hún spyr um stöðu Vinnudeilusjóðs og hvor félagið sé með erlendar tryggingar. Stefán Sveinbjörnsson sagði stöðuna góða ef greiða eigi úr sjóðnum til ákveðinna hópa, en síðri ef greiða þurfi til alls félagsfólks. Engar formlegar tryggingar séu á sjóðnum, en við höfum fengið stuðningsyfirlýsingar frá erlendum stéttarfélögum.

Að umræðum loknum lagði fundarstjóri breytingartillögu um hækkun félagsgjalds í 0,8% fyrir fundinn í rafrænni atkvæðagreiðslu.

Niðurstöðurnar er sem hér segir:

Já sögðu 36 eða 41,86%

Nei sögðu 47 eða 54,65%

Tek ekki afstöðu sögðu 3 eða 3,49%

Fundarstjóri lýsti því yfir að tillagan væri felld.

Tillagan stjórnar um óbreytt félagsgjald var lögð fyrir atkvæðagreiðslu með handauppréttingu, sjá tillöguna ofar. Fundarstjóri lýsti tillöguna samþykkt.

## 10. Ákvörðun um laun stjórnarfólks

Fundarstjóri býður Sigríði Lovísu Jónsdóttur, formanni launanefndar, VR að kynna tillögur stjórnar um laun stjórnarfólks.

Sigríður Lovísa sagði tillögu stjórnar um laun stjórnarfólks þá að laun hækki í samræmi við launavísitölu VR sem hefur hækkað um 7,67% milli ára.

### ***Tillagan er svo hljóðandi:***

*„Aðalfundur VR, haldinn á Fosshóтели Reykjavík fimmtudaginn 21. mars 2024, samþykkir að stjórnarlaun verði 80.742 kr. á mánuði fyrir komandi starfsár stjórnar. Varamenn fá sömu stjórnarlaun og aðalmenn í stjórn VR, fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei meira sem nemur einum stjórnarlaunum. Tillaga að formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, formaður Orlofsstjórnar VR og varaformaður stjórnar VR fá 1,5 stjórnarlaun á mánuði eins og verið hefur. Auk þess fá stjórnarmenn og varastjórnarmenn 6.777 kr. fyrir hvern setinn nefndarfund í nefndum á vegum VR.*

*Auk þess er heimilt að greiða stjórnarfólki launatap, sem það kann að verða fyrir vegna starfa fyrir félagið eins og vegna þinga ASÍ og LÍV, seta í ráðum og nefndum á vegum VR sem ekki er greitt sérstaklega fyrir.*

*VR greiðir ferðakostnað til Reykjavíkur vegna stjórnarfunda stjórnarmanna VR sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.“*

Eftir að Sigríður Lovísa lauk máli sínu opnað fundarstjóri fyrir umræður um tillöguna.

Elva Hrönn Hjartardóttir spyr um greiðslur fyrir nefndarsetu, hvað sé innifalið í stjórnarlaunum ef nefndarseta sé þar ekki inni.

Sigríður Lovísa svaraði að fyrir tveimur árum hafi verið farið í að greina vinnu stjórnarfólks og nefndarseta verið fyrir utan þá vinnu. Í launum stjórnarfólks sé undirbúningur og fundarseta, stundum séu margir fundir í hverjum mánuði eins og raunin sé nú í ljósi kjarasamninga. Langstærstur hluti starfa stjórnarfólks sé utan hefðbundins vinnutíma eða 97% samkvæmt greiningu. Hún benti á að greiðsla fyrir nefndarsetu væri ekki nýlunda.



Kristín María spurði um hækkun umfram kjarasamningsbundnar hækkanir samkvæmt síðustu samningum, af hverju miðað sé við launavísitölu VR en ekki kjarasamninga?

Bjarni Þór sagði greiðslu fyrir nefndarstörf hugsaða til að koma til móts við stjórnarfolk sem tæki sér frí frá vinnu vegna nefndarfunda, oft í hádegi og þurfi stjórnarfolk til dæmis að komast frá og til vinnu.

Birgitta Ragnarsdóttir lagði fram breytingartillögu við tillögu stjórnar sem hér segir:

*„Legg til að stjórnarlaun hækki ekki umfram það sem samið er um í kjarasamningum 3,25%.“*

Elva Hrönn óskaði eftir leynilegri atkvæðagreiðslu um breytingartillögu um stjórnarlaun.

Fundarstjóri lagði breytingartillögu um hækkun stjórnarlauna fyrir fundinn í rafrænni atkvæðagreiðslu. Niðurstöðurnar eru sem hér segir:

Já sögðu 57 eða 69,51%

Nei sögðu 18 eða 21,95%

Tek ekki afstöðu sögðu 7 eða 8,54%

Fundarstjóri lýsti því yfir að tillagan væri samþykkt og lagði fram tillögu stjórnar um stjórnarlaun með breytingum sem hér segir:

*„Aðalfundur VR, haldinn á Fosshótel Reykjavík fimmtudaginn 21. mars 2024, samþykkir að stjórnarlaun verði 77.430 kr. á mánuði fyrir komandi starfsár stjórnar. Varamenn fái sömu stjórnarlaun og aðalmenn í stjórn VR, fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei meira sem nemur einum stjórnarlaunum. Tillaga að formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, formaður Orlofsstjórnar VR og varaformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun á mánuði eins og verið hefur. Auk þess fá stjórnarmenn og varastjórnarmenn 6.498 kr. fyrir hvern setinn nefndarfund í nefndum á vegum VR.“*

*Auk þess er heimilt að greiða stjórnarfólki launatap, sem það kann að verða fyrir vegna starfa fyrir félagið eins og vegna þinga ASÍ og LÍV, seta í ráðum og nefndum á vegum VR sem ekki er greitt sérstaklega fyrir.*

*VR greiðir ferðakostnað til Reykjavíkur vegna stjórnarfunda stjórnarmanna VR sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.“*

Tillagan var lögð fyrir atkvæðagreiðslu með handauppréttingu. Fundarstjóri lýsti tillöguna samþykkt.

## **Ákvörðun um laun skoðunarmanna.**

Í ljósi samþykktar á tillögu um stjórnarlaun var gerð breyting á tillögu um laun skoðunarmanna en þau jafngilda einum stjórnarlaunum á ári.



Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar um laun skoðunarmanna, með breytingum í samræmi við breytingu á launum stjórnarfólks:

**Tillaga stjórnar VR:**

„Aðalfundur VR, haldinn á Fosshótel Reykjavík fimmtudaginn 21. mars 2024, samþykkir að greiða hverjum skoðunarmanni VR 77.430 kr. á ári.“

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður en enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var lögð fyrir fundinn með handauppréttingu og samþykkt.

## 11. Önnur mál

Engin önnur mál stjórnar lágu fyrir fundinum og opnaði fundarstjóri fyrir önnur mál frá fundargestum.

Nokkrir fundargesta stigu fram og þökkðu fyrir góðan fund og góða fundarstjórn en engin önnur mál voru lögð fram.

Fundarstjóri þakkaði starfsfólki félagsins fyrir góða vinnu við undirbúning fundarins og óskaði eftir samþykki fundarins fyrir því að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara. Engin andmæli voru við því fyrirkomulagi.

Fundarstjóri þakkaði fyrir góðan fund og bauð formanni félagsins að slíta fundi.

Ragnar Þór þakkaði fyrir góðan fund og skelegga fundarstjórn. Hann sagði félagið hvergi nærri hætt í baráttunni, ýmislegt hafi náðst fram í síðustu kjarasamningum en það séu vissulega vonbrigði að hafa ekki náð fram fleiru, ekki síst þegar kemur að húsnæðismálum. Þar sé félagið rétt að byrja.

Hann þakkaði því næst fundargestum og starfsfólki og sleit fundi kl. 22:28.

Fundinn sátu 80 VR félagar í staðfundi og 44 í fjarfundi.



Halla Gunnarsdóttir,  
fundarstjóri



Steinunn Böðvarsdóttir,  
fundarritari